

## Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

**Mál nr. 3/2023-2024**

**Kærandi:** María Lilja Ingveldar Þrastardóttir Kemp

**Kærðu:** Mbl.is, Árvakur

**Kæruefni:** Umfjöllun um kæru á hendur manni fyrir hatursorðræðu á mbl.is 20.01.2024 undir yfirskriftinni „Kærir mótmælendur fyrir hatursorðræðu“. Kærandi telur umfjöllunina varða við 2., 6. og 7. grein siðareglna.

### **Málsmeðferð:**

Kæran barst skrifstofu BÍ 20.01.2024. Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands tók málið fyrir 06.02.2024 og endanlega var úrskurðað í málinu 27.02.2024.


**Málavextir:** Kærandi telur umfjöllunina ekki setta fram af heiðarleika og fela í sér órökstuddar ásakanir á hendur stórum hópi fólks í viðkvæmri stöðu. Ætla megi að vinnubrögðin séu til þess fallin að kynda undir hatur og óvild í garð ákveðins hóps. Einnig er gerð athugasemd við myndaval með fréttinni.

**Umfjöllun:** Kærandi er ekki til umfjöllunar í umræddri frétt mbl.is og hefur ekki bein tengsl við umfjöllunarefnið. Siðanefnd hefur að jafnaði túlkað hagsmunatengsl kæranda þröngt og má þar vísa til mála nr. 1/2023-2024, nr. 6/2019-2020, nr. 9/2010-2011, nr. 12/2010-2011 og nr. 2/2004-2005. Undantekningar eins og í máli 5/2019-2020 og 3/2002-2003 eiga ekki við í þessu tilfelli. Siðanefnd telur aðild kæranda ekki uppfylla málsmeðferðarreglur við meðferð kæra vegna meintra brota á Siðareglum Blaðamannafélags Íslands og því beri að vísa málinu frá.

### **Úrskurður:**

Málinu er vísað frá Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands.

Reykjavík 27.02.2024



Pálmi Jónasson



Valgerður Jóhannsdóttir



Emma Björg Eyjólfsdóttir



Ásgeir Þór Árnason



Brynhildur Ólafsdóttir